

Karлакór Kjalnesinga

Félagslög

Samþykkt á aðalfundi 12. maí 2003

1. gr.

Félagið heitir Karлакór Kjalnesinga, kt. 701198-2559, til heimilis að Fólkvangi, Kjalarnesi, 116 Reykjavík.

2. gr.

Markmið félagsins er að æfa og halda uppi karlakórssöng, og efla framgang hans í landinu. Markmiði þessu skal félagið m.a. ná með því að halda árlega samsöngva, efna til söngferða innan- og utanlands og stuðla að auknum kynnum og samstarfi við aðra kóra.

3. gr.

Allir karlmenn sem staðist hafa raddpróf og hlotið meðmæli söngstjóra, raddþjálfara og stjórnar, geta orðið söngmenn í kórnum. Stjórn og söngstjóri geta ákveðið og staðið fyrir raddprófi hjá söngmönnum þegar þurfa þykir og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

4. gr.

Félagsmenn í Karлакór Kjalnesinga eru allir starfandi söngmenn kórsins, heiðursfélagar og aðrir eftir nánari ákvörðun stjórnar.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn: Formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Formaður er kosinn til eins árs í senn en aðrir til tveggja ára, þannig að tveir stjórnarmenn eru kosnir ár hvert.

Í varastjórn skal kjósa tvo menn til eins árs í senn. Varastjórnarmenn má boða til setu á stjórnarfundum og hafa þeir þá tillögurétt, málfrelsi og atkvæðisrétt, til jafns við aðalstjórnarmenn.

Starfstími stjórnar skal vera hinn sami og reikningsár og starfsár kórsins, það er frá 1. júní til 31. maí

6. gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess og skal hann haldinn í lok starfsárs. Aðalfundur skal boða bréflega eða á annan sannanlegan hátt með minnst 7 daga fyrirvara og telst fundurinn lögmætur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar.
- c) Gjaldkeri gerir grein fyrir fjárhagsstöðu. Endurskoðaðir og áritaðir reikningar lagðir fram og skýrðir á fyrsta haustfundi.

- d) Kosning stjórnar og varastjórnar samkvæmt 5. grein.
- e) Kosning skoðunarmans reikninga, og eins til vara.
- f) Lagabreytingar.
- g) Ákvörðun félagsgjalds.
- h) Kosning í nefndir.
- i) Önnur mál.
- j) Lesin aðalfundargerð. Ef fundargerðin er ekki tilbúin í lok fundar skal hún fjölfölduð og dreift til félaga eins fljótt og auðið er.
- k) Fundarslit.

7. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda og félagsfunda og stjórnar þeim, sbr. þó ákvæði í 9. gr. laganna.

Varaformaður gegnir formannsstörfum í fjarveru formanns.

Gjaldkeri hefur á hendi allar fjárreiður félagsins. Stjórn er heimilt að skipa sérstaka nefnd, sem hefur á hendi umsjón og fjárreiður sérgreindra verkefna, og ber þá nefndin ábyrgð á fjárreiðum verkefnisins gangvart stjórn. Ritari heldur gjörðabók stjórnar.

8. gr.

Stjórn félagsins er ákvörðunarhæf þegar meirihluti stjórnarmanna, eða varastjórnarmanna, er mættur á boðaðan stjórnarfund, þeirra á meðal formaður eða varaformaður. Stjórnarfundur er skylt að halda ef tveir af aðalstjórnarmönnum krefjast þess bréflaga, enda séu ástæður tilgreindar í bréfinu.

9. gr.

Skylt er að efna til félagsfundar ef 10 starfandi söngmenn óska þess skriflega, enda sé tilefnis getið. Slíkir félagsfundir skulu boðaðir með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Eru þeir lögmætir ef helmingur starfandi söngmanna mætir og ræður afl atkvæða úrslitum.

10. gr.

Stjórn félagsins ræður söngstjóra og gerir við hann starfssamning. Stjórn og söngstjóri ákveða verkefni kórsins í samráði við lagavalsnefnd.

11. gr.

Stjórn kórsins skal innheimta félagsgjald af söngmönnum kórsins. Félagsgjaldið skal innheimt mánaðarlega á tímabilinu frá og með september, til og með maí ár hvert. Aðeins skuldlausir félagar njóta fullgildra félagsréttinda. Til fullgildra félagsréttinda telst m.a. atkvæðisréttur á félags- og aðalfundum, þátttaka í tónleikahaldi, ferðalögum og öðrum þeim fríðindum sem félagsmönnum bjóðast.

12. gr.

Styrktarfélagar kórsins eru þeir sem greiða árlegt gjald til styrktar starfsemi félagsins. Skal upphæð gjaldsins ákvarðað af stjórn. Nánari

ákvæði um skyldur og réttindi styrktarféлага og annarra féлага, svo og um heiðursféлага og tilnefningu þeirra, skulu sett með reglugerð.

13. gr.

Hver rödd velur sér raddformann. Hlutverk þeirra er að vera tengiliður viðkomandi raddar við söngstjóra, boða söngmenn á aukaæfingar og uppákomur, og hafa yfirlit yfir almenna mætingu söngmanna á æfingar.

Starfandi söngmanni kórsins er skylt að mæta á þær söngæfingar er stjórn og söngstjóri ákveða, nema óviðráðanleg atvik hamli, og skal hann þá gera raddformanni, grein fyrir þeim.

Söngstjóri og stjórn meta hvort viðkomandi söngmaður, sem ekki hefur náð 70% mætingaskyldu, sé í söngformi fyrir tónleika og aðra meiriháttar viðburði þar sem kórinn kemur fram.

14. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga þurfa að berast formanni skriflega 10 dögum fyrir aðalfund. Til samþykktar lagabreytingar þarf atkvæði 3/4 atkvæðisbærra fundarmanna.

15. gr.

Ef til félagsslita kemur skal stjórnin boða til félagsfundar um málið með minnst hálf mánaðar fyrirvara og skal senda sérhverjum félagsmanni skriflegt fundarboð þar sem tilgreint er tilefni fundarins. Verður félaginu því aðeins slitið að 4/5 starfandi söngmanna samþykki félagsslitin.

16. gr.

Ef samþykkt er á slíkum fundi að slíta félaginu skal gera upp skuldir og skipa sérstakan vörsluaðila með þeim eignum er eftir standa. Vörsluaðila er aðeins heimilt að ráðstafa eignum félagsins til þeirra aðila er vilja hefja sambærilega starfsemi á Kjalarnesi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.